

Fiskeldisfréttir

Ábyrgðarmaður: Valdimar Ingi Gunnarsson

2. ÁRGANGUR 3. TÖLUBLAD

JÚNÍ 2013



Sjávarútvegsþjónustan



Fiskeldismaðurinn Páll Þorbjörnsson á björtum degi á Reykjanesi. Vinnur nú við byggingaframkvæmdir hjá Stolt sea farm sem mun hefja eldi á senigalflúru í sumar.

Á döfni

Ráðstefna um smoltun og seltuþol, 13-17. ágúst

Fiskeldisráðstefna á Patreksfirði 3.-4. október.

Sjávarútvegsráðstefnan, 21.-22. nóvember

Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva

Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva var haldin miðvikudaginn 8. maí í Eldborg við Svartsengi á Reykjanesi. Þar hélt formaður félagsins Jón Kjartan Jónsson ræðu og fór yfir starfsemi félagsins og þau verkefni sem unnið hefur verið að frá síðasta aðalfundi. Í máli hans kom fram að þrjú ný fiskeldisfyrirtæki hafa gegnið í landsambandið en það er Náttúra fiskeldi, Stolt sea farm og Arnalax.

Formaðurinn benti á að fiskeldi er aðeins að komast í tísku þessa dagana. Það mun auðvelda að ráða hæft fólk og fá fjármagn að greininni. „Hins vegar er það svo að athygli fylgir ábyrgð og alltaf koma upp neikvæðir hlutir þar sem reynt er að draga upp ranga mynd af okkar starfsemi. Það er mikilvægt að þeir sem eru í forsvari fiskeldis á Íslandi leitist við að leiðrétta slíkan óhróður“. Landsambandið hefur unnið í að safna upplýsingum og miðla þeim til greinarinnar og eiga samskipti við stjórnvöld samhliða því að svara fjölmiðlum „en þegar kemur að því að berjast opinberlega í fjölmiðlum þá þurfa einstakir rekstaraðilar líka koma fram og brýna raustina. LF sem hagsmunasamtök verður aldrei sterkara en þið sem að félaginu standa. Rödd okkar verður einsleit og ekki til þess fallinn að ná í gegn til almennings nema fleiri raddir komi og fylgi í kjölfar félagsins og auki þannig vigt umræðunnar. Hagsmunir okkar allra liggja í því að að fiskeldi byggist upp á Íslandi með myndarlegum hætti og verði ein af stöðum atvinnulífsins til langrar framtíðar“.

Nauðsynlegt er að félagið leggi sitt af mörkum til að koma á framfæri „jákvæðum fréttum úr greininni“. Á síðasta aðalfundi var stofnaður fjölmiðlahópur. LF gaf nýlega úr skjalið „Nokkrar staðmiðlum

miðlum „en þegar kemur að því að berjast opinberlega í fjölmiðlum þá þurfa einstakir rekstaraðilar líka koma fram og brýna raustina. LF sem hagsmunasamtök verður aldrei sterkara en þið sem að félaginu standa. Rödd okkar verður einsleit og ekki til þess fallinn að ná í gegn til almennings nema fleiri raddir komi og fylgi í kjölfar félagsins og auki þannig vigt umræðunnar. Hagsmunir okkar allra liggja í því að að fiskeldi byggist upp á Íslandi með myndarlegum hætti og verði ein af stöðum atvinnulífsins til langrar framtíðar“.




Jón Kjartan Jónsson, formaður Landssambands fiskeldisstöðva.

reyndir um fiskeldi í sjó við Ísland.“ Þar svarar félagið helstu og áleitnustu spurningum um sjókvíaelði. Hugmyndin með gerð svona skjals er að fræða almenning auk þess sem við vonum að það gagnist forsvarsmönnum fiskeldis og fleirum í umræðunni og til að beina henni á jákvæðari brautir byggðar á staðreyndum.

Efnisyfirlit

Aðalfundur Landssambands fiskeldisstöðva	1
Fréttatilkynning frá LF	2
Byggingaframkvæmdir hjá Stolt sea farm skoðaðar	3
Sjókvíaelði á Íslandi – Leyfisveitingar og eftirlit	4
Sumarstarfsmenn Landssambands fiskeldisstöðva	4
Ráðstefna um smoltun og seltuþol laxfiska	5
Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands	6
Kvotinn.is	7
Ráðstefna á Patreksfirði	8



Stjórn og framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva. Frá vinstri: Sjöfn Sigurgísladóttir, Guðbergur Rúnarsson framkvæmdastjóri, Jóhann Geirsson, Jón Kjartan Jónsson formaður, Árni Ólafsson nýr í stjórn, Jónas Jónasson og Benedikt Kristjánsson. Á myndina vantar Höskuld Steinarsson og Kristján G. Jóakimsson.

Fréttatilkynning í tengslum við aðalfund Landssambands fiskeldisstöðva

Í tengslum við aðalfund Landssambands fiskeldisstöðva sem haldinn var 8 maí var gefin út fréttatilkynning og það helsta sem þar kom fram:

- Fiskeldi á Íslandi mun margfaldast á næstu 15 árum muni áform í samræmi við leyfisumsóknir ná fram að ganga. Það gæti þá farið úr 8.500 tonnum, sem er áætluð framleiðsla á þessu ári, í 40.000 til 50.000 tonn fyrir árið 2030.
- Starfsfólki í fiskeldi fer fjölgandi og starfa þar nú nálægt 200 manns.
- „Til að nýta tækifærin sem geta verið í eldi í fjördunum þar sem heimilt er að vera með laxfiskaeldi er æskilegt að vel sé staðið að skiplagsmálum og nýtingaráætlun

sé til staðar sem komi í veg fyrir hagsmunaárekstra. Mikilvægt er fyrir framþróun fiskeldis á Íslandi að stjórnsýslukerfið sé samhæft og hafi heildaryfirsýn yfir leyfisveitingar á einum stað, sé skilvirk og að afgreiðslutími umsókna um starfs- og rekstrarleyfi sé hóflegur,“ segir meðal annars í meginstefnu LF.

- „Ný reglugerð um fiskeldi tók gildi á árinu 2012 og mikil vinna þarf að fara fram bæði í stöðvunum og hjá hinu opinbera til að samræma og reyna að draga úr heildarkostnaði sem af þessu hlýst,“ Félagið hefur því farið af stað með verkefni í samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið til að leita leiða til einföldunar og aukinnar skilvirkni.

<http://lfh.is/documents/FrettatilkynningumfiskeldiLoka.pdf>

Stuttar fréttir

- Í maí var dreift með Viðskipta- blaðinu **Stafnbúa** sem er blað nema í auðlindadeild Háskólans á Akureyrir. Blaðið er nemum til sóma og er jafnframt góð auglýsing fyrir skólann og sjávarútveginn allan. Í blaðinu var heil opna undir heitinu **Frumkvöðla- starf í fiskeldi** en þar er viðtal við framkvæmdastjóra Stolt Sea Farm á Reykjanesi.
- Í Sjómannadagsblaðinu í Reykjavík var grein með titlinum „Eldi á senigalflúru skapar um 200 störf“. Hér er átt við strandeldistöð **Stolt Sea Farm** á Reykjanesi. Í sama blaði var einnig grein undir heitinu „Tilraunareldistöð Haf- rannsóknstofnunnar: Þorskelði, sandhverfa og seltupól bleikju.“
- Skipulagsstofnun, í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða, stóð fyrir **málþingi um haf- og strandsvæðaskipulag 27. maí s.l.** í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands. Alls sóttu um 40 manns málþingið. Glærur málþingsins eru aðgengilegar +a vefslóðinni hér að neðan: <http://www.skipulagsstofnun.is/skipulagsstofnun/frettir/nr/796>
- Bleikja er ein mikilvægasta tegund í íslensku fiskeldi en er lítið þekkt á alþjóðlegum fisk- mörkuðum. Til að bæta aðgengi á hagnýtaum upplýsingar um bleikjueldi er nú að finna gagn- legar upplýsingar á ensku á vef Matis sem nýfast öllum þeim sem eru að markaðssetja fiskinn á erlendu mörkuðum (www.matis.is/iceland-arctic-charr/)

Ahliða þjónusta við fiskeldisfyrirtæki

Þvottastöð
Fiskeldispokar
Kastnætur
Fuglanet

Strandgötu 1 Neskaupstað Sími: 4700 800 Fax: 4700 801

FJARÐA NET

Neskaupstaður / Fjáskrúðsfjörður / Akureyri / Ísafjörður

www.fjardanet.is

fjardanet@fjardanet.is

Fjardanet er aðili að Hampidjan Group

Byggingaframkvæmdir hjá Stolt sea farm skoðaðar



Þátttakendur á aðalfundi Landssambands fiskeldisstöðva sem mættu til að skoða byggingaframkvæmdir í eldisstöð Stolt sea farm á Reykjanesi þann 8 maí.



Athafnasvæði Stolt sea farm þar sem fyrsti áfangi er langt kominn í uppbyggingu.



Hjalti Bogason við frárennslisrör eldisstöðvarinnar.



Séð yfir hluta athafnasvæðis Stolt sea farm.



Hágæða framleiðslubúnaður fyrir **súrefni**, **óson** og **köfnunarefni**

Framleiddur það á staðnum eftir þínum þörfum!

Engin flutningskostnaður, engin leiga,
engar birgðir, lítill rekstrarkostnaður

Gaia ehf. | Sími: 499-0790 | www.gaia-ehf.is | gaia@gaia-ehf.is



...lausnin liggur í loftinu

Sjókvíaelði á Íslandi – Leyfisveitingar og eftirlit

Vinnufundur

Landssamband fiskeldisstöðva (LF) hefur ráðið tvo starfsmenn til að fara yfir lög og reglugerðir er varða fiskeldi hér á landi, svo sem starfsleyfi, rekstrarleyfi og eftirlit. Margar stofnanir og nefndir koma að þessum málum og telur sambandið nauðsynlegt að leita leiða til að einfalda þessa þætti, bæði til að minnka kostnað og gera starfsumhverfið einfaldara og skilvirkara. Þann 31. maí var haldinn fundur um þessi mál að frumkvæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og Landsambands fiskeldisstöðva með þeim stofnunum sem að þessum málum koma. Þar má nefna Fiskistofu, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Fleiri aðilar koma að þessum málum svo sem heilbrigðisnefndir á viðkomandi stöðum og Skipulagsstofnun. Á fundinn mættu 38 manns frá stofn-



Hluti þátttakenda á vinnufundi þann 31. maí í fundarsal á fyrstu hæð Sjávarútvegs- hússins, Skúlagötu 4 í Reykjavík.

unum og atvinnugreininni. Nánari á vef Landssambands fiskeldis-
upplýsingar um fundinn er að finna stöðva.

http://lfh.is/documents/Fiskeldisfundur31052013_000.pdf

<http://www.lfh.is/frettir-adofinni.htm>

Sumarstarfsmenn Landssambands fiskeldisstöðva

Landssamband fiskeldisstöðva hefur ráðið Gerði Guðmundsdóttir og Kristófer Júlísson sem sumarstarfsmenn. Gerður hefur lokið BA námi í lögfræði og ætlar að hefja mastersnám í haust við Háskóla Íslands. Kristófer er iðnaðarverkfræðingur og nú tekur hann master í Aquatic food production en um er að ræða nýtt norrænt meistaranám (www.aqfood.org) þar sem Háskóli Íslands er þátttakandi.

Gerður og Kristófer hafa aðstöðu hjá Sjávarútvegsþjónustunni í

Húsi Sjávarklasans sem staðsett er niður við Reykjavíkurhöfn. Þau vinna náið saman en skipta á milli sýn verkum. Gerður er mest að skoða lög og reglugerðir en Kristófer er að vinna að gæðahandbók fyrir sjókvíaelði.



Náttúrulegt hágæða fiskafóður



Ráðstefna um smoltun og seltuþol laxfiska

Ráðstefna í ágúst

Ráðstefna (Smolt workshop) um smoltun og seltuþol laxfiska verður haldinn 13.-17. ágúst n.k. Þar kemur saman alþjóðlegur hópur vísindamanna sem hittist fjórða hvert ár í ráðstefnuröð sem nú er haldin í níunda sinn. Búið er við 40-50 þátttakendum frá Norðurlöndunum, Bretlandi, Írlandi, Kanada, Bandaríkjunum og Japan sem leiða rannsóknir á þessu sviði.

Smoltun laxfiska

Helstu eldistegundir Íslendinga, lax og bleikja, lifa hluta ævinnar í fersku vatni og hluta í sjó. Laxinn klekst út í fersku vatni, en er síðan fluttur í sjó þar sem hann er alinn í sláturstærð. Bleikjan eyðir ýmist allri ævinni í fersku vatni eða gengur í sjó að sumri til, en er í ferskvatni að vetri. Áður en laxinn gengur í sjó fer hann í gegnum flókið lífeðlisfræðilegt breytingaferli sem nefnt er smoltun. Bleikja gengur í gegnum hliðstætt ferli þó það hafi verið rannsakað minna en hjá laxi.

Eldi, veiðar og framleiðsla á afurðum

laxfiska er geysilega mikilvægur atvinnuvegur bæði á Íslandi og erlendis. Smoltun laxfiska tengist ekki einungis matfiskeldi, heldur einnig hvernig tekst til með seiðasleppingar í vötn og ár, og getur þá verið um að ræða sleppingar fyrir atvinnu- eða frístundaveiðar, hafbeit, uppbyggingu fiskistofna í útrýmingarhættu, og/eða viðhaldi stofna í ám þar sem stíflur hindra fiskigengd á hrygningarstöðvar.

Skipuleggjendur

Skipuleggjendur ráðstefnunnar eru próf. Björn Þrándur Björnsson við Háskólann í Gautaborg og próf. Helgi Thorarensen við Háskólann á Hólum. Þeir stóðu að rannsóknum á smoltun á laxi hér á landi fyrir nærri þrjátíu árum í samstarfi við Dr. Júlíus B. Kristinsson. Tilraunin var framkvæmd á Grundartanga, en verkefnið teygði anga sína til Kaliforníu og Japan. Tilraunirnar tókust vel og voru kynntar á Smolt workshop 1988 í Þrándheimi. Í framhaldi af ráðstefnunni var gefið út sérhefti af Aquaculture þar sem höfundar birtu

niðurstöður úr verkefninu. Þessi rannsókn vakti mikla athygli enda hefur oft verið vitnað í hana síðan.

Það má því segja með nokkrum sanni að Íslendingar eiga sitt framlag á þessu sviði.



Helgi Thorarensen

Ráðstefnan í Reykjavík og á Hólum

Ráðstefnan verður haldin 13.-17. ágúst. Fyrstu þrír dagar ráðstefnunnar verða á Grand Hotel í Reykjavík, en síðustu tveir dagarnir á Hólum í Hjaltadal. Íslenskum vísindamönnum sem vinna að rannsóknum á sviði smoltunar og seltuþoli laxfiska mun gefast tækifæri til þess að kynna rannsóknir sínar og erlendum sérfræðingum á þessu sviði. Þátttaka í ráðstefnunni er takmörkuð við þá sem stunda rannsóknir á þess sviði. Þeir sem hafa áhuga á þátttöku geta haft samband við skipuleggjendur.

Helgi Thorarensen (helgi@holar.is)



Egersund Group
Fishing - Aquaculture - Trade

Egersund Net AS
Svanavägen N-4370 Egersund
Tel: (+47) 51 46 29 60
Fax: (+47) 51 46 29 61
post@egersund-net.no
www.egersundgroup.no

Netting | Nets | Anti-bird nets
Mooring equipment | Washing machines

Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands

Ráðstefna um tækifæri og ógnanir í fiskeldi við strendur Íslands.

Víða um heim er stundað fiskeldi á norðlægum slóðum með góðum árangri. Hér við land hefur uppbygging fiskeldis verið afar brokk-geng, svo ekki sé meira sagt. Framundan virðist vera nokkur vakning um að stórefla fiskeldi sem atvinnugrein hérlandis. Hinsvegar virðist innviðir stjórnsýslunnar bæði á sveitarstjórnarstigi og landsvísu ekki vera undirbúin fyrir þá uppbyggingu sem framundan gæti verið á þessu sviði. Grunnþekking á umhverfispáttum og burðarþoli strandsvæða er einnig takmörkuð og nauðsynlegt að stórefla rannsóknir.

Á Vestfjörðum eru talin vera mikil tækifæri á þessu sviði eins og víða hér við land, og því hefur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða ákveðið í samstarfi við Fiskeldisklasa Vestfjarða að efna til þessarar ráðstefnu. Vonast er til að ráðstefnan geti orðið mikilvægt skref til að efla samstarf stjórnsýslu, rannsóknastofnana og fyrirtækja til að þróun fiskeldis geti orðið farsæl hérlandis eins og hjá okkar nágrannabjóðum.

Leitað hefur verið til erlendra gestafyrirlesara til að fjalla um fiskeldi í Finnörku og Nýfundnalandi. Þar eru umhverfisskilyrði sambærileg við aðstæður hér við land og því áhugavert að vita hvort við getum eitthvað lært af því uppbyggingarstarfi. Þer Gunnar Kvenseth hefur langa reynslu af rannsóknum og ráðgjafastörfum innan fiskeldis í Noregi. Hann starfar nú sem yfirmaður heilbrigðismála hjá fyrirtækinu Villa Organic, sem framleiðir vottaðan lax bæði í



Jón Örn Pálsson einn skipuleggjandi ráðstefnunnar.

Austur-Finnörku og í suður Noregi. Cyr Couturier er starfar sem sérfræðingur við sjávarútvegsstofnun við Háskólanum í St.Johns, Memorial University. Hann hefur jafnframt unnið náið með samtökum fiskeldismann í Nýfundnalandi og bæði innan fiskeldis og skelræktar, og verið formaður þeirra samtaka.

Ráðstefnan er styrkt af Vaxtarsamningi Vestfjarða og verður öllum opið að sitja ráðstefnuna, að undangenginni skráningu, sem kynnt verður síðar. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er á blaðsíðu 8.

Jón Örn Pálsson
(jon@fjardalax.is)

Stuttar fréttir

- Það hefur gengið á ýmsu í **eldi laxfiska í Síle** og eru þeir ennþá að taka á sínum málum eftir hrun í framleiðslu vegna sjúkdóma. Til að minnka álagið á eldisvæðum og draga úr líkum á að sjúkdómum komi upp hafa þeir fækkað seiðum sem sett eru út í sjókvíar á þessu ári. Það er því gert ráð fyrir samdrætti í framleiðslu laxfiska og að hún verði 530.000 tonn árið 2014 (www.fishfarmingxpert.com).
- **Fiskistofa** hefur ráðið tvo nýja starfsmenn til að sjá um málefni fiskeldis innan stofnunnar. Þeir eru báðir staðsettir í útibúi stofnunnar á Ísafirði. Þorleifur Ágústsson hefur m.a. starfað sem framhaldskólakennari og einnig við fiskeldisrannsóknir hjá Matis á Ísafirði. Guðmundur Valur Stefánsson hefur starfað við fjölmörg fiskeldisfyrirtæki m.a. Sem framkvæmdastjóri Sæsilfurs sem var með umfangsmikið laxeldi í Mjóafirði.

Stuttar fréttir

- Á vef Landssambands fiskeldisstöðva (www.lf.is) kemur fram að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi felld úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 14. apríl 2012 um að 7.000 tonna ársframleiðsla á eldisfiski í Ísafjarðardjúpi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Landssambands fiskeldisstöðva gerir ýmsar athugasemdir við úrskurðinn og er vísað á vef félagsins. Aðeins hefur verið fjallað um úrskurðinn í fjölmiðlum en það vekur sérstaka athygli að úrskurðinn í heild sinni er aðeins að finna á vef Landssambands veiðifélaga (<http://angling.is/is/alitsgerdir/>).
- Aquaponic er bæði fiskeldi og gróðurækt. Það kemur því ekki á óvart að heilsíðugrein birtist í tímaritinu Garðurinn sem fylgir Morgunblaðinu í júní. Þar skrifar Sævar Hansson greinina „Aquaponic— hringrás lífsins“. Hann hefur verið með smáskalatilraunir í Hveragerði.
- Náttúra Arctic Charr sem er með bleikjueldi í Þorlákshöfn er með vefsíðu þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um félagið (<http://arcticcharr.is/>).
- Ýsueldi á Íslandi hefur aðeins verið á tilraunarstigi. Nýlega birtist grein í Hafrannsóknunum undir heitinu „Áframeldi á ýsu (*Melanogrammus aeglefinus*) í Eyjafirði“. (www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-165.pdf)
- Landssamband fiskeldisstöðva hefur gefið út **Nokkrar staðreyndir um fiskeldi í sjó við Ísland**. Fiskmeti frá íslensku fiskeldi er heilsusamleg og örugg fæða sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru fyrir hágæða matvörur. Samhliða eru gerðar miklar kröfur til fiskeldis í sjó til verndar á villtum íslenskum laxastofnum (<http://lfh.is/documents/NokkrarstadreyndirumfiskeldiisjoLOKA.pdf>)

KVÓTINN.IS

Lykilsíða sjávarútvegins

FORSIÐA RITSTJÓRI ÚTGÁFURÁÐ TENGJAR SJÁVARÚTVEGS FRÉTTASAFN AUGLÝSINGAR

UMBÚÐIR OG PLAST

SKOÐA VÖRULISTA

ÖRYGGIS- OG REKSTRARVÖRUR UTGERÐARINNAR

MIKIB ÖRVAL AF ÖRYGGIS- OG REKSTRARVÖRUM, KIKTU Í KEMI OG SKOÐABU ÖRVALIÐ!

kemi BÚÐIN

Betur sjá augu en auga

Möguleiki á allt að 10 sjóm samtímis, með einu M4 vöðaki!

MARPORT DEEP SEA TECHNOLOGY

Við bjóðum fyrirtækjum í sjávarútvegi sérþekkingu

nánar

Íslandsbanki

Flórastofa fiskmarkaðs Vörk skipakort Spjón Vindspás Atvinnutalpa Aðrir sjávarútvegsefni

Póstlisti Nafn Netfang

Skrá

Ýmist fagnað eða hafnað 25 Júní 2013

Sautján umsagnir um frumvarp til laga um breytingar á veiðigjöldum hafa borist til atvinnuveganefndar Alþingis. Þær eru mjög mismunandi. Ýmist er frumvarpin hafnað eða fagnað og auk þessu eru gerðar athugasemdir við hekkum sérstaka veiðgjalda á veiðar á uppsjávarfiski. Fram kemur hjá Hagstofnunni að hún hafi ekki lagalega heimild til að aflla gagna, sem talið er að þurfi til...

Veiðigjöld alltof há 25 Júní 2013

Landssamband íslenskra útvegsmanna, Samtök atvinnufléms og Samtök fiskvinnslustöðva hafa sent Alþingi umsögn vegna frumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til breytingar á

Sildarvinnsla M

VÍSIR

WISE

ESKJA

Kvotinn.is er nýr vefur þar sem Hjörtur Gíslason er ritstjóri, en hann hefur unnið með sjávarútvegstengda fjölmiðlun í áratugi. Í ritstjórnarstefnu kemur m.a. fram: „Svo sannarlega er á vísan að róa þegar sótt er í sjávarútveginn eftir fréttum. Hann er óþrjótandi uppspretta fréttu og frásagna af margvíslegu tagi, enda undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar frá örófi alda. Fyrst er að nefna hinar hefðbundnu aflafréttir, sem alltaf vekja athygli, þó sú megin breyting hafi orðið á, að nú er árangurinn síður mældur í magni, heldur verðmætum. Afla- og verðmætakóngurinn blundar þó í okkur“. Þó Kvotinn.is fjalli aðallega um sjávarútveg eru einnig áhugaverðar fréttir um fiskeldi.

Havforskningsrapporten 2013

Fishes og Havet, København 1-2013

HAVFORSKNINGSINSTITUTTET INSTITUTE OF MARINE RESEARCH

Norska hafrannsóknastofnunin gefur árlega út skýrslu þar sem m.a. er að finna áhugaverðar greinar um fiskeldi. Þar er fjallað um botndýr sem éta niðurburð frá sjókvíaeldi, laxalús og margt fleira.

www.imr.no/filarkiv/2013/03/

norden

Bat for fiskeopdræt i Norden

Bedste tilgængelige teknologier for Akvakultur i Norden

Norræna ráðherranefndin hefur gefið út mjög ítarlega skýrslu um bestu fáanlega tækni í fiskeldi þar sem markmiðið er að lágmarka umhverfisáhrif eldisins. Skýrslan er um 400 blaðsíður að lengd, með mikið af myndum og er áhugaverð og gagnleg lesning.

<http://www.norden.org/is/utgafa/utgefidefni/2013-529>

Fiskeldi í köldum strandsjó Íslands

- tækifæri og ógnanir -

Ráðstefna á FossHótel Patreksfirði 3.-4. október

Fimmtudagur 3. október:

14:00 - 14:30 Skráning

14.30 – 14.40 Setning: Ráðherra – atvinnuvega og nýsköpunar, Hr. Sigurðir Ingi Jóhannsson

14.40 – 16.30 **Málstofa 1 – Fiskeldi á norðurslóð nágrannapjóða**

⇒ Reynsla af fiskeldi í Austur-Finnmörku, Noregi, Per Gunnar Kvenseth, Villa Organic AS

⇒ Fiskeldi og skelrækt á Nýfundnalandi, Cyr Couturier, Marine Institute of Memorial Univerisity

⇒ Umræða

16.30-18.00 Sigling út í eldiskvíar Fjarðalax í Patreksfirði

18.00-19.00 Móttaka Fjarðalax, FossHótel Patreksfirði

20.00 - Hátiðarkvöldverður, FossHótel Patreksfirði

Föstudagur 4. október:

9.00 - 12.00 **Málstofa 2 – Umhverfi og nýting strandsjávar**

⇒ Hitafar og hafstraumar í strandsjó, Héðinn Valdimarsson, Hafrannsóknastofnun

⇒ Svifþörungar og frumframleiðni, Hafsteinn Guðfinnsson, Hafrannsóknastofnun

Kaffihlé

⇒ Mengun í hafinu við Ísland og vöktun þess, Helgi Jensson, Umhverfisstofnun

⇒ Skipulag strandsvæða og nýting, Gunnar Eydal, Teiknistofan Eik

⇒ Umræða

13.00-15.30 **Málstofa 3 – Tækifæri og ógnanir í íslensku fiskeldi**

⇒ Skelrækt – eigum við einhvern séns? Jón Örn Pálsson, Fjarðalax

⇒ Laxeldi Fjarðalax – mikilvægar forsendur, Jónatan Þórðarson, Fjarðalax

⇒ Áhrif fiskeldis á samfélagið og afleidd tækifæri, Shiran Þórisson, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Kaffihlé

16.00-17.00

Pallboðsumræður og samantekt

Stjórnandi– Þorgeir Pálsson - ráðstefnustjóri

- Hver eru sóknarfæri fyrir þróun fiskeldis í sjó ?
- Er þörf fyrir stefnumótun fyrir einstaka landshluta ?
- Hvert er hlutverk sveitarfélaga / ríkisvalds ?

17.00 Ráðstefnuslit